

Sþ.

83. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu milliþinganeftnar til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundinni kosningu fimm menn í milliþinganeftnd til þess að rannsaka áhrif húsaleigulaganna og endurskoða þau. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um húsaleigu voru sett í striðsbyrjun. Frv. til húsaleigulaga kom fram á þinginu 1939, en var ekki útrætt. Á þinginu 1940 kom sama frv. fram aftur og enn fremur annað frv., flutt af allsherjarnefnd Ed., er síðan var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög nr. 91 17. maí 1940. Á árunum 1941—1943 voru gerðar nokkrar breytingar á lögnum, og nú gilda um þessi mál lög nr. 39 7. apríl 1943.

Húsaleigulögini upphaflegu og síðari breytingar á heim voru sett sem ófriðarráðstöfun, er talin var óhjákvæmileg vegna ófriðarástandsins og þeirrar óvissu í öllum viðskiptum, er það hafði í för með sér.

Nú er sjálfum ófriðnum lokið, þótt enn ríki í þessum efnunum flestir þeir örðugleikar, er hann hafði í för með sér. Enda þótt ekki þyki fært að fella húsaleigulögini úr gildi að svo komnu, þá þykir þó rétt, að málið í heild sé tekið til rækilegrar rannsóknar og endurskoðunar.